

Alþjóðlegur samanburður á launum á almennum vinnumarkaði 2002

International comparison of wages in the private sector 2002

Samantekt Samanborið við önnur Evrópulönd eru árslaun á Íslandi há í verslun og viðgerðarþjónustu og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Í iðnaði eru árslaun heldur lægri. Í þessum þremur atvinnugreinum er tímakaup á Íslandi ekki eins hátt í samanburði við Evrópulönd og skýrist það aðallega af því að vinnuvikan er lengri á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Á þetta einkum við um byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Jafnframt er hlutfall yfirvinnustunda af heildarfjölda greiddra vinnustunda hátt á Íslandi.

Í þessari samantekt eru laun einnig borin saman að teknu tilliti til verðlags í löndunum. Í öllum tilvikum raðast Ísland neðar á lista við samanburð á launum þegar tekið hefur verið tilliti til verðlags enda er verðlag á Íslandi hátt í samanburði við flest Evrópulönd.

Þetta eru niðurstöður alþjóðlegs launasamanburðar árið 2002 sem ber enska heitið Structure of Earnings Survey (SES). Könnunin náði til allra ríkja Evrópusambandsins nema Möltu en auk ESB landa tóku Ísland, Noregur, Rúmenía og Búlgaría þátt í könnuninni; alls 28 lönd. Í þessari samantekt eru borin saman árslaun, heildartímakaup, með og án tillits til verðlags; auk þess sem sýndur er samanburður á hlutfallslegri skiptingu greiddra vinnustunda. Að lokum eru laun í löndunum borin saman eftir kyni, aldri og menntun.

Structure of Earnings Survey

Markmið könnunar Könnunin er samstarfsverkefni undir forystu evrópsku hagstofunnar, Eurostat. Markmið verkefnisins er að afla gagna um laun í löndum Evrópu til stefnumótunar og rannsókna. Ráðgert er að gera sambærilega könnun á fjögurra ára fresti. Könnunin gefur sundurliðaðar og samræmdar upplýsingar um laun og launasamsetningu starfsmanna (kyn, aldur, starf, starfsaldur og menntun) og launagreiðenda (atvinnugrein, stærð og staðsetningu).

Umfang könnunar Könnunin inniheldur upplýsingar frá u.þ.b. 7,9 milljónum starfsmanna fyrirtækja á almennum vinnumarkaði með 10 starfsmenn eða fleiri. Upplýsingum var safnað árið 2003 en unnið úr þeim árið 2004 og þær síðan birtar í maí 2005¹. ESB25 er vegið meðaltal þeirra landa Evrópusambandsins sem gögnin ná til. Eurostat flokkar og birtir gögnin eftir atvinnugreinum C til K samkvæmt atvinnugreinaflokkun

¹ Hans-Joachim Mittag (2005), „Gross earnings in Europe, Main results of the Structure of earnings Survey 2002.“ Statistic in focus, Population and Social conditions. 12/2005.



NACE rev.1², þ.e. atvinnustarfsemi á almennum vinnumarkaði en þó ekki fiskveiðar og landbúnaður. Gögnin frá Íslandi byggja á launakönnun Hagstofunnar sem er úrtakskönnun og nær til atvinnugreinanna iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F) og verslunar og viðgerðarþjónustu (G). Þessi samantekt byggir alfarið á þeim atvinnugreinum.

Árslaun

Árslaun á Íslandi eru hærri en meðaltal ESB ríkja

Við samanburð á árslaunum í evrum, sbr. myndir 1, 3 og 5, kemur í ljós að Ísland raðast í hóp þeirra landa sem greiða hæstu launin og standa þar við hlið nágrannalandanna. Árslaun hér eru hærri en meðaltal ESB ríkjanna (ESB25) í öllum atvinnugreinum og er munurinn mestur í mannvirkjagerð, 63% miðað við ESB25, en minnstur í iðnaði, 21%. Þau lönd sem skipast í neðstu sætin í öllum atvinnugreinum eru Búlgaría, Rúmenía, Lettland og Litháen.

Árslaun á Íslandi eru lægri ef tekið er tillit til verðlags

Á myndum 2, 4 og 6 eru árslaun miðuð við jafnvirðisgildi, sem endurspeгла verðlag. Þegar tekið er tillit til jafnvirðisgilda lækkar staða Íslands í samanburði við önnur lönd. Í iðnaði fara laun á Íslandi úr áttunda sæti niður í sextánda sæti og þar með niður fyrir ESB25, sbr. myndir 1 og 2. Í verslun og viðgerðarþjónustu fer Ísland úr þriðja sæti niður í tólfta sæti, sbr. myndir 5 og 6. Minni breytingar verða í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð þar sem Ísland fellur úr þriðja sæti í það fimmta, sbr. myndir 3 og 4.

Tafla 1 sýnir árslaun allra landa sem tóku þátt í könnuninni. Þar má sjá skiptingu árslauna eftir atvinnugrein og kyni, bæði í evrum og miðað við jafnvirðisgildi.

Jafnvirðisgildi endurspeгла verðlag


Við samanburð á launum milli ríkja er áhugavert að taka tillit til mismunandi verðlags innan þeirra. Hér eru árslaun annars vegar sýnd í evrum og þá miðað við gengi hvers lands og hins vegar að teknu tilliti til jafnvirðisgilda (PPP). Útreikningar á jafnvirðisgildum byggja á verðsamanburði á sömu eða sambærilegri vöru og þjónustu milli landanna. Þannig lækka laun lands í samanburði við önnur lönd ef verðlag í landinu er hærra en annarra landa og notuð eru jafnvirðisgildi í stað gengis við samanburðinn.

Ef til dæmis er litið til árslauna í iðnaði á Íslandi og Spáni eru þau um 33 þúsund evrur á Íslandi en 21 þúsund evrur á Spáni. Hins vegar er kaupmáttur gjaldmiðils meiri á Spáni en á Íslandi þannig að ef notuð eru jafnvirðisgildi (PPP) jafnast munurinn á milli landanna og árslaun beggja fara í 25 þúsund evrur.

² NACE rev. 1 er alþjóðleg atvinnugreinaflokkun. Sambærileg flokkun á Íslandi er ÍSAT 95.


Mynd 1. Árslaun í evrum – Iðnaður

Figure 1. Mean annual earnings in euro – Manufacturing




Mynd 2. Árslaun að teknu tilliti til jafnvirðisgilda – Iðnaður


Figure 2. Mean annual earnings based on Purchasing Power Parities – Manufacturing




Mynd 3. Árslaun í evrum – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
 Figure 3. Mean annual earnings in euro – Construction



Mynd 4. Árslaun að teknu tilliti til jafnvirðisgilda – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
 Figure 4. Mean annual earnings based on Purchasing Power Parities – Construction




Mynd 5. Árslaun í evrum – Verslun og viðgerðarþjónusta
 Figure 5. Mean annual earnings in euro – Wholesale and retail trade; repair



Mynd 6. Árslaun að teknu tilliti til jafnvirðisgilda – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 6. Mean annual earnings based on Purchasing Power Parities – Wholesale and retail trade; repair



Heildartímakaup

Heildartímakaup á Íslandi er hærra en meðaltal ESB ríkja

Við samanburð á heildartímakaupi í evrum, sbr. myndir 7, 9 og 11, kemur í ljós að Ísland er í öllum atvinnugreinum hærra en ESB25. Það er lægst í iðnaði, 4% yfir meðaltali ESB25, og lægra en nágrannalöndin en hæst í mannvirkjagerð, 26% yfir meðaltali ESB25, þar sem Ísland er nær nágrannalöndunum. Þau lönd sem eru með lægst heildartímakaup í öllum atvinnugreinum eru Búlgaría, Rúmenía, Lettland og Litháen.

Ef heildartímakaupi er hins vegar raðað með tilliti til jafnvirðisgilda, PPP, lækkar röð Íslands miðað við önnur lönd, sbr. myndir 8, 10 og 12. Ísland fer í öllum atvinnugreinum niður fyrir ESB25 og stendur þar við hlið Spánar, Ítalíu og Kýpur.


Heildartímakaup á Íslandi er hlutfallslega lægra en árslaun

Töluverður munur er á stöðu Íslands ef raðað er með tilliti til heildartímakaups í samanburði við árslaun. Á Íslandi eru margar greiddar stundir að baki árslauna og tímakaup því lægra.

Tafla 2 sýnir heildartímakaup og yfirvinnutímakaup allra landa sem tóku þátt í könnuninni. Þar má sjá skiptingu tímakaups eftir atvinnugrein og kyni, bæði í evrum og miðað við jafnvirðisgildi.

Mynd 7. Heildartímakaup í evrum – Iðnaður

Figure 7. Mean hourly earnings in euro – Manufacturing



Mynd 8. Heildartímakaup að teknu tilliti til jafnvirðisgilda – Iðnaður

Figure 8. Mean hourly earnings based on Purchasing Power Parities – Manufacturing




**Mynd 9. Heildartímakaup í evrum – Byggingarstarfsemi og mannvirkja-gerð**

Figure 9. Mean hourly earnings in euro – Construction




Mynd 10. Heildartímakaup að teknu tilliti til jafnvirðisgilda – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Figure 10. Mean hourly earnings based on Purchasing Power Parities – Construction




Mynd 11. Heildartímakaup í evrum – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 11. Mean hourly earnings in euro – Wholesale and retail trade; repair



Mynd 12. Heildartímakaup að teknu tilliti til jafnvirðisgilda – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 12. Mean hourly earnings based on Purchasing Power Parities – Wholesale and retail trade; repair



Heildarfjöldi greiddra stunda

Heildarfjöldi greiddra stunda er meiri á Íslandi en í nágrannalöndunum

Í samanburði við önnur Evrópulönd er vinnuvikan löng á Íslandi eins og myndir 13 til 15 bera með sér. Þetta á sérstaklega við um byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Ísland er í öllum atvinnugreinum yfir ESB25. Heildarfjöldi greiddra stunda er mestur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en þar er Ísland 19% yfir meðaltali en minnstur í verslun og viðgerðarþjónustu, 2% yfir meðaltali. Athygli vekur að hér skipast nágrannalöndin í neðstu sætin og eru undir ESB25 en Ísland er aftur á móti mjög ofarlega.


Tafla 3 sýnir heildarfjölda greiddra stunda, dagvinnustundir og yfirvinnustundir á mánuði eftir atvinnugrein og kyni.

Yfirvinnustundir eru fleiri en í nágrannalöndunum

Myndir 16 til 18 sýna skiptingu heildarfjölda greiddra stunda í dagvinnu- og yfirvinnustundir. Þar sést að fjöldi dagvinnustunda á Íslandi er sambærilegur því sem gerist í nágrannalöndunum en aftur á móti er yfirvinna hér meiri og gerir það að verkum að heildarfjöldi greiddra stunda er mikill.


Mynd 13. Heildar fjöldi greiddra stunda á mánuði sem hlutfall af ESB25 – Iðnaður

Figure 13. Mean monthly hours paid as percentage of EU25 – Manufacturing




Mynd 14. Heildar fjöldi greiddra stunda á mánuði sem hlutfall af ESB25 – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Figure 14. Mean monthly hours paid as percentage of EU25 – Construction




Mynd 15. Heildarfjöldi greiddra stunda á mánuði sem hlutfall af ESB25 – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 15. Mean monthly hours paid as percentage of EU25 – Wholesale and retail trade; repair




Mynd 16. Skipting heildarfjölda greiddra stunda á mánuði – Iðnaður

Figure 16. Structure of mean monthly hours paid – Manufacturing




Mynd 17. Skipting heildarfjölda greiddra stunda á mánuði – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Figure 17. Structure of mean monthly hours paid – Construction



Mynd 18. Skipting heildarfjölda greiddra stunda á mánuði – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 18. Structure of mean monthly hours paid – Wholesale and retail trade; repair




Karlar og konur

Árslaun karla eru hærrí en
kvenna

Árslaun karla eru hærrí en árslaun kvenna í öllum atvinnugreinum samanburðarlandanna, sbr. myndir 19, 21 og 23. Árslaun kvenna sem hlutfall af árslaunum karla eru lægst í verslun og viðgerðarþjónustu í Bretlandi, 62%, en hæst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í Lúxemborg, 96%. Á Íslandi eru árslaun kvenna í iðnaði 70% af árslaunum karla, 74% í verslun og viðgerðarþjónustu og 81% í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Árslaun kvenna sem hlutfall af árslaunum karla eru sýnd á myndum 20, 22 og 24.


Mynd 19. Árslaun karla og kvenna í evrum - Iðnaður

Figure 19. Mean annual earnings in euro by sex – Manufacturing



Mynd 20. Árslaun kvenna sem hlutfall af árslaunum karla - Iðnaður


Figure 20. Mean annual earnings of women as percentage of men's earnings, in euro – Manufacturing



Skýringar Notes: Karlar = 100. Men = 100. Data, cf. table 1.


Mynd 21. Árslaun karla og kvenna í evrum - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Figure 21. Mean annual earnings in euro by sex – Construction




Mynd 22. Árslaun kvenna sem hlutfall af árslaunum karla – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Figure 22. Mean annual earnings of women as percentage of men's earnings, in euro – Construction




Skýringar Notes: Karlar = 100. Men = 100. Data, cf. table 1.

Mynd 23. Árslaun karla og kvenna í evrum - Verslun og viðgerðarþjónusta
 Figure 23. Mean annual earnings in euro by sex - Wholesale and retail trade; repair



Mynd 24. Árslaun kvenna sem hlutfall af árslaunum karla – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 24. Mean annual earnings of women as percentage of men's earnings, in euro – Wholesale and retail trade; repair



Skýringar Notes: Karlar = 100. Men = 100. Data, cf. table 1.

Heildarfjöldi greiddra stunda á Íslandi mikill bæði hjá körlum og konum

Heildarfjöldi greiddra stunda er mikill á Íslandi í öllum atvinnugreinum hvort sem horft er til íslenskra karla eða kvenna og yfirvinnustundir þeirra flestar, sbr. myndir 25 til 27. Heildarfjöldi greiddra stunda er mestur hjá körlum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð á Íslandi en karlar í iðnaði koma fast á hæla þeirra. Fjöldi dagvinnustunda er svipaður hjá körlum á Íslandi og hjá nágrannalöndunum en yfirvinnustundir eru fleiri. Hjá konum er samsetning greiddra stunda sambærileg við það sem gerist hjá körlunum. Greiddar dagvinnustundir kvenna á Ísland eru aðeins færri en hjá nágrannalöndunum en yfirvinnustundir mun fleiri.


Skipting greiddra stunda svipuð á milli kynjanna

Ef skoðuð er skipting greiddra stunda á milli kynja í hverju landi fyrir sig kemur í ljós að vinnumynstrið er mjög svipað. Fjöldi dagvinnustunda er áþekkur hjá konum og körlum en yfirvinnustundir kvenna er heldur færri. Í þeim löndum þar sem

yfirvinnustundir karla eru margar eru þær einnig margar hjá konum. Þetta á sérstaklega við um iðnað og verslun og viðgerðarþjónustu. Konur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð virðast þó vinna töluvert færri yfirvinnustundir. Ástæðuna má meðal annars rekja til þess að konur eru að vinna önnur störf en karlar innan þessarar atvinnugreinar.


Mynd 25. Skipting heildarfjölda greiddra stunda á mánuði eftir kyni – Iðnaður

Figure 25. Structure of mean monthly hours paid, by sex – Manufacturing




**Mynd 26. Skipting heildarfjölda greiddra stunda á mánuði eftir kyni –
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð**

Figure 26. Structure of mean monthly hours paid, by sex – Construction



Mynd 27. Skipting heildarfjölda greiddra stunda á mánuði eftir kyni – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 27. Structure of mean monthly hours paid by sex – Wholesale and retail trade; repair



Menntun

Menntunarflokkar ISCED 97


Við flokkun launamanna eftir menntun er stuðst við flokkunarkerfi UNESCO, svonefnt ISCED 97. Í þessum samanburði eru einstaklingar flokkaðir í fjóra hópa; 1) ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, 2) lokið námi á framhaldsskólastigi sem er minnst sex annir, 3) lokið námi sem telst viðbót við hefðbundið framhaldsskólanám en þó telst ekki vera fyrsta prófgráða á háskólastigi, 4) lokið námi á háskólastigi.

Meiri menntun skilar hærri árslaunum

Á Íslandi eru árslaun á öllum menntunarstigum með því hæsta sem gerist miðað við samanburðarlöndin, sbr. myndir 28 til 30. Nær alls staðar gildir að meiri menntun skilar sér í hærri árslaunum en munurinn er mismikill. Minnstur er munurinn á milli þeirra sem hafa grunnskólamenntun og þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi. Ekki er tekið mið af jafnvirðisgildum heldur einungis árslaunum hvorrar þjóðar í evrum eftir menntun og atvinnugrein.


Mynd 28. Árslaun eftir menntun í evrum – Iðnaður

Figure 28. Mean annual earnings by education level, in euro – Manufacturing




Mynd 29. Árslaun eftir menntun, í evrum – Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Figure 29. Mean annual earnings by education level, in euro – Construction



Mynd 30. Árslaun eftir menntun, í evrum – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 30. Mean annual earnings by education level, in euro – Wholesale and retail trade; repair




Aldur

Árslaun breytileg eftir aldri

Dreifing árslauna eftir aldri er breytileg hvort sem skoðað er eftir löndum eða atvinnugreinum, sbr. myndir 31 til 33. Árslaun á Íslandi eru lægst í aldurshópnum 60 ára og eldri í verslun og viðgerðarþjónustu, en hæst í aldurshópnum 30 til 39 ára í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.


Mynd 31. Árslaun eftir aldri, í evrum – Iðnaður

Figure 31. Mean annual earnings by age, in euro – Manufacturing




Mynd 32. Árslaun eftir aldri, í evrum – Byggingarstarfsemi og mannvirkja-gerð

Figure 32. Mean annual earnings by age, in euro – Construction



Mynd 33. Árslaun eftir aldri, í evrum – Verslun og viðgerðarþjónusta

Figure 33. Mean annual earnings by age, in euro – Wholesale and retail trade; repair



Vefsvæði Eurostat

Ítarlegri upplýsingar á vef Eurostat

Hægt er að nálgast niðurstöður könnunarinnar á vef Eurostat, <http://europe.eu.int/comm/eurostat>. Valið er Data – Population/social conditions - Labour market - Earnings and labour costs - Gross earnings - Structure of earnings survey 2002. Á vefsvæðinu er hægt að skoða þau gögn sem hér hafa verið sett fram auk fjölda annarra gagna úr sömu könnun, t.d. heildartímakaup, mánaðarlaun, árslaun og greiddar vinnustundir, auk upplýsinga um frídaga og fjölda starfsmanna.

Skilgreiningar

Árslaun eru skilgreind í könnuninni sem samtala fyrir grunddagvinnulaun, álagsgreiðslur, bónusgreiðslur, vaktaálagsgreiðslur, yfirvinnulaun, veikindalaun, eingreiðslur, önnur laun og orlofsgreiðslur.

Heildartímakaup er skilgreint í könnuninni sem samtala fyrir grunddagvinnulaun, álagsgreiðslur, bónusgreiðslur, yfirvinnulaun, vaktaálagsgreiðslur og veikindalaun deilt með heildarfjölda greiddra stunda.

Heildarfjöldi greiddra stunda er skilgreindur í könnuninni sem greiddar stundir vegna dagvinnu, yfirvinnu og veikinda.

Dagvinnustundir eru skilgreindar hér sem heildarfjöldi greiddra stunda að frádregnum greiddum stundum vegna yfirvinnu.

Starfshlutfall: Könnunin nær hvort tveggja til þeirra sem eru í fullu starfi og þeirra sem eru í hlutastarfi. Gögn fyrir hlutastarfsfólk eru vegin upp í fullt starf.

ESB25 er vegið meðaltal þeirra ríkja sem tilheyra Evrópusambandinu.

ESB15 er vegið meðaltal þeirra 15 ríkja sem tilheyrðu Evrópusambandinu árið 2003.

PPP - jafnvirðisgildi byggja á verðsamanburði á sömu eða sambærilegri vöru og þjónustu milli landa á evrópska efnahagssvæðinu og endurspegla hlutfallslegt verðlag. Þannig lækka laun á Íslandi miðað við önnur lönd þegar tekið er tillit til jafnvirðisgilda ef verðlag á Íslandi er hærra en í öðrum löndum. Þegar jafnvirðisgildi eru notuð við samanburð á launum er tekið mið af hlutfallslegu verðlagi sem endurspeglar hve mikið þarf af evru að meðaltali til að kaupa sama magn af vörum og þjónustu í mismunandi ríkjum.

Evrur: Gengið sem notað er við að umreikna krónur yfir í evrur er meðalgengi ársins 2002; 86,1781.

English summary

*Comparable wage statistics on
the european level*

This report presents results from the Structure of earnings survey for the year 2002. The purpose of the survey is to establish comparable wage statistics for the European Union member states, Norway, Iceland, Romania and Bulgaria. The Icelandic data covers the economic activities of manufacturing, construction, wholesale and retail trade; repair in the private sector.

*Annual earnings in Iceland are
high in euro but lower if price
levels are taken into account*

The results show that annual earnings, in euro, are high in Iceland compared with other countries in the survey, although Iceland scales down when hourly earnings are compared. However, when price levels are taken into account through PPP, Purchasing Power Parities, Icelandic levels are lower in comparison with other countries. The number of paid hours in Iceland is high, especially in construction. The proportion of overtime hours to total hours is also high in Iceland both for men and women.

Tafla 1. Árslaun í atvinnugrein eftir kyni
Table 1. Mean annual earnings by economic activity and sex

Evrur á meðalgengi ársins 2002 <i>Euro: Average exchange rate for the year 2002</i>	Iðnaður <i>Manufacturing</i>					
	Evrur <i>Euro</i>			Jafnvirðisgildi <i>Purchasing Power Parities</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>
ESB15 <i>EU15 European Union</i>	31.643	34.141	24.894	30.673	33.056	24.234
ESB25 <i>EU25 European Union</i>	27.484	30.306	20.555	27.507	30.173	20.962
Austurríki <i>Austria</i>	33.496	36.436	25.265	33.569	36.516	25.320
Belgía <i>Belgium</i>	30.718	31.999	25.950	30.678	31.958	25.916
Bretland <i>United Kingdom</i>	38.207	41.278	28.568	33.272	35.946	24.878
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	1.697	1.978	1.429	4.186	4.879	3.525
Danmörk <i>Denmark</i>	41.133	43.438	35.904	31.940	33.730	27.880
Eistland <i>Estonia</i>	4.601	5.255	3.918	8.783	10.031	7.479
Finnland <i>Finland</i>	31.208	33.036	26.689	26.314	27.855	22.504
Frakkland <i>France</i>	29.274	31.055	24.838	29.175	30.950	24.754
Grikkland <i>Greece</i>	17.143	18.724	13.934	20.538	22.432	16.693
Holland <i>Netherlands</i>	33.994	35.047	29.924	33.331	34.363	29.340
Írland <i>Ireland</i>	32.455	34.972	27.822	27.528	29.662	23.598
Ísland <i>Iceland</i>	33.207	37.407	26.192	25.361	28.569	20.003
Ítalía <i>Italy</i>	24.449	26.091	20.598	26.028	27.777	21.929
Kýpur <i>Cyprus</i>	17.792	21.201	12.461	19.415	23.135	13.598
Lettland <i>Latvia</i>	3.406	3.700	3.057	6.751	7.335	6.060
Litháen <i>Lithuania</i>	3.842	4.346	3.323	7.803	8.827	6.750
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	35.635	37.120	29.861	34.820	36.271	29.178
Noregur <i>Norway</i>	42.656	44.402	37.358	29.203	30.399	25.577
Portúgal <i>Portugal</i>	11.314	13.394	8.828	14.775	17.493	11.529
Pólland <i>Poland</i>	6.395	6.902	5.459	10.816	11.673	9.232
Rúmenía <i>Romania</i>	1.914	2.216	1.609	4.653	5.387	3.912
Slóvakía <i>Slovakia</i>	5.275	6.094	4.089	12.136	14.019	9.407
Slóvenía <i>Slovenia</i>	10.523	11.296	9.285	15.322	16.447	13.518
Spánn <i>Spain</i>	21.707	23.197	16.921	25.469	27.217	19.854
Svíþjóð <i>Sweden</i>	30.686	32.130	26.421	24.520	25.673	21.112
Tékkland <i>Czech Republic</i>	6.708	7.658	5.244	12.974	14.813	10.142
Ungverjaland <i>Hungary</i>	5.683	6.327	4.754	10.603	11.805	8.870
Býskaland <i>Germany</i>	36.704	39.581	28.610	35.473	38.254	27.650

Heimild *Source:* Eurostat, 2005.

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>						Verslun og viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair</i>					
Evrur <i>Euro</i>			Jafnvirðisgildi <i>Purchasing Power Parities</i>			Evrur <i>Euro</i>			Jafnvirðisgildi <i>Purchasing Power Parities s</i>		
Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>
27.617	27.960	24.815	26.809	27.157	23.969	27.424	31.460	22.843	26.263	30.161	21.841
24.538	24.896	21.697	24.527	24.877	21.747	24.701	28.541	20.428	24.297	28.057	20.112
29.584	29.919	26.750	29.649	29.985	26.809	27.320	33.400	22.247	27.380	33.473	22.296
22.865	22.580	26.748	22.835	22.551	26.714	28.898	32.531	24.824	28.861	32.489	24.792
38.631	40.165	29.110	33.641	34.977	25.350	29.946	36.910	22.966	26.078	32.142	20.000
1.582	1.570	1.644	3.904	3.874	4.057	1.296	1.364	1.216	3.197	3.365	3.000
41.543	42.174	36.129	32.259	32.748	28.055	36.931	40.540	31.505	28.678	31.480	24.464
4.667	4.837	3.799	8.908	9.234	7.252	4.506	5.507	3.720	8.601	10.511	7.101
28.757	29.111	24.362	24.247	24.546	20.541	29.439	32.956	26.242	24.822	27.788	22.127
24.812	24.910	23.938	24.728	24.825	23.857	25.530	28.479	21.904	25.444	28.383	21.830
18.267	19.040	15.450	21.884	22.811	18.509	15.035	16.933	12.792	18.012	20.286	15.326
32.487	32.800	28.950	31.853	32.160	28.385	28.427	31.333	24.826	27.873	30.721	24.341
37.509	38.766	30.346	31.814	32.881	25.738	26.348	31.762	22.862	22.348	26.940	19.391
40.095	40.683	32.758	30.621	31.071	25.018	33.730	38.179	28.340	25.760	29.158	21.644
22.298	22.379	21.612	23.739	23.825	23.009	24.203	25.927	22.008	25.767	27.603	23.430
20.989	21.249	18.780	22.904	23.187	20.494	16.243	19.506	11.749	17.725	21.285	12.821
3.115	3.183	2.831	6.174	6.309	5.612	2.585	3.024	2.274	5.124	5.995	4.507
3.706	3.743	3.481	7.526	7.601	7.069	3.750	4.282	3.183	7.616	8.696	6.463
29.562	29.670	28.347	28.886	28.992	27.699	29.851	33.990	24.834	29.168	33.213	24.266
41.577	42.012	36.752	28.465	28.763	25.161	37.890	42.127	32.496	25.940	28.841	22.248
11.383	11.398	11.227	14.866	14.885	14.662	12.950	14.466	11.035	16.913	18.893	14.412
6.230	6.181	6.583	10.536	10.453	11.133	6.163	7.017	5.242	10.422	11.868	8.865
1.926	1.908	2.049	4.682	4.638	4.981	1.953	2.268	1.626	4.746	5.514	3.952
4.792	4.911	4.103	11.025	11.299	9.440	6.660	8.050	5.329	15.323	18.521	12.261
9.819	9.639	11.374	14.297	14.034	16.561	10.518	11.342	9.767	15.313	16.514	14.221
17.721	17.838	16.281	20.792	20.929	19.103	18.741	21.397	15.067	21.989	25.105	17.678
29.435	29.690	26.090	23.520	23.724	20.848	33.160	35.280	30.709	26.497	28.191	24.538
6.962	7.087	6.057	13.466	13.708	11.715	6.527	8.112	5.132	12.625	15.691	9.927
4.502	4.438	4.950	8.401	8.281	9.237	4.910	5.134	4.691	9.162	9.579	8.753
29.435	29.982	25.804	28.448	28.977	24.939	30.234	34.476	25.451	29.220	33.320	24.597

Tafla 2. Heildartímakaup og yfirvinnutímakaup eftir atvinnugrein og kyni
 Table 2. Mean hourly earnings and mean hourly overtime pay by economic activity and sex

Evrur á meðalgengi ársins 2002 <i>Euro: Average exchange rate for the year 2002</i>	Evrur <i>Euro</i>					
	Alls <i>Total</i>		Karlar <i>Men</i>		Konur <i>Women</i>	
	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>
Iðnaður <i>Manufacturing</i>						
ESB15 <i>EU15 Europ. Union</i>	14,36	17,33	15,39	17,44	11,62	16,76
ESB25 <i>EU25 Europ. Union</i>	12,42	15,02	13,62	15,61	9,54	12,63
Austurríki <i>Austria</i>	12,67	20,64	13,69	21,60	9,85	15,96
Belgía <i>Belgium</i>	14,18	19,70	14,76	19,82	12,05	17,88
Bretland <i>United Kingdom</i>	17,99	23,02	19,15	21,22	14,41	33,57
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	0,73	1,22	0,85	1,33	0,62	1,10
Danmörk <i>Denmark</i>	21,02	27,57	22,15	28,12	18,57	25,84
Eistland <i>Estonia</i>	2,06	2,81	2,33	3,19	1,78	2,37
Finnland <i>Finland</i>	14,07	23,47	14,75	23,67	12,41	22,67
Frakkland <i>France</i>	14,62	12,37	15,31	12,77	12,95	10,85
Grikkland <i>Greece</i>	6,70	11,84	7,22	12,47	5,63	9,31
Holland <i>Netherlands</i>	15,03	17,61	15,50	18,20	13,25	12,75
Írland <i>Ireland</i>	16,36	18,71	17,89	19,33	13,61	16,98
Ísland <i>Iceland</i>	12,92	15,20	14,57	16,59	10,42	12,71
Ítalía <i>Italy</i>	9,93	11,60	10,57	11,87	8,46	10,56
Kýpur <i>Cyprus</i>	7,44	10,82	8,81	12,79	5,33	6,95
Lettland <i>Latvia</i>	1,48	2,54	1,59	2,80	1,35	2,14
Litháen <i>Lithuania</i>	1,70	2,74	1,89	2,94	1,49	2,53
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	15,34	17,01	15,97	17,42	12,91	13,12
Noregur <i>Norway</i>	21,66	32,43	22,45	32,90	19,27	30,43
Portúgal <i>Portugal</i>	4,37	8,22	5,17	9,33	3,42	5,51
Pólland <i>Poland</i>	2,85	3,67	3,07	3,88	2,44	3,07
Rúmenía <i>Romania</i>	0,88	0,94	1,01	1,08	0,75	0,80
Slóvakía <i>Slovakia</i>	1,94	2,77	2,23	2,76	1,51	2,80
Slóvenía <i>Slovenia</i>	4,83	6,53	5,18	6,98	4,27	5,63
Spánn <i>Spain</i>	8,63	13,28	9,25	13,65	6,72	10,67
Svíþjóð <i>Sweden</i>	14,69	21,09	15,17	21,23	13,28	20,40
Tékkland <i>Czech Republic</i>	2,65	3,38	3,00	3,72	2,13	2,83
Ungverjaland <i>Hungary</i>	2,45	4,04	2,71	4,50	2,07	3,26
Þýskaland <i>Germany</i>	16,60	19,07	17,85	19,54	13,11	15,50
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>						
ESB15 <i>EU15 Europ. Union</i>	12,53	16,52	12,64	16,33	11,60	22,46
ESB25 <i>EU25 Europ. Union</i>	11,12	14,90	11,24	14,73	10,12	20,35
Austurríki <i>Austria</i>	11,60	18,00	11,73	18,00	10,42	18,10
Belgía <i>Belgium</i>	12,51	17,25	12,60	17,28	11,27	14,90
Bretland <i>United Kingdom</i>	17,50	21,90	17,98	20,97	14,46	43,94
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	0,71	1,06	0,71	1,06	0,73	1,06
Danmörk <i>Denmark</i>	21,19	28,40	21,50	28,61	18,24	22,34
Eistland <i>Estonia</i>	2,09	3,35	2,15	3,39	1,74	2,72
Finnland <i>Finland</i>	13,06	19,65	13,18	19,70	11,51	16,53
Frakkland <i>France</i>	12,25	13,17	12,26	13,22	12,81	12,00
Grikkland <i>Greece</i>	7,21	12,75	7,47	13,12	6,18	10,40
Holland <i>Netherlands</i>	14,49	14,70	14,58	14,72	13,59	14,33
Írland <i>Ireland</i>	17,06	20,53	17,62	20,58	13,73	16,33
Ísland <i>Iceland</i>	14,01	15,59	14,00	15,50	14,18	18,52

Jafnvirðisgildi <i>Purchasing Power Parities</i>					
Alls <i>Total</i>		Karlar <i>Men</i>		Konur <i>Women</i>	
Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>
13,83	16,46	14,82	16,61	11,22	15,72
12,34	14,82	13,46	15,34	9,62	12,71
12,70	20,69	13,72	21,65	9,87	16,00
14,16	19,68	14,74	19,79	12,04	17,85
15,66	20,04	16,67	18,48	12,55	29,23
1,80	3,02	2,10	3,28	1,53	2,71
16,33	21,41	17,20	21,84	14,42	20,07
3,94	5,36	4,45	6,08	3,39	4,52
11,86	19,79	12,44	19,96	10,46	19,11
14,57	12,33	15,25	12,72	12,90	10,81
8,02	14,19	8,65	14,94	6,75	11,15
14,74	17,26	15,20	17,85	12,99	12,50
13,87	15,87	15,17	16,40	11,55	14,40
9,87	11,61	11,12	12,67	7,96	9,71
10,57	12,35	11,25	12,64	9,01	11,24
8,12	11,81	9,61	13,96	5,82	7,59
2,94	5,03	3,15	5,55	2,68	4,25
3,45	5,56	3,85	5,97	3,03	5,14
14,99	16,62	15,60	17,02	12,62	12,82
14,83	22,20	15,37	22,53	13,19	20,83
5,71	10,73	6,75	12,19	4,47	7,20
4,81	6,21	5,18	6,57	4,12	5,20
2,13	2,28	2,45	2,63	1,81	1,93
4,46	6,38	5,13	6,34	3,48	6,44
7,03	9,51	7,55	10,17	6,22	8,20
10,12	15,58	10,85	16,02	7,89	12,51
11,74	16,86	12,12	16,96	10,61	16,30
5,13	6,55	5,81	7,19	4,11	5,47
4,58	7,53	5,06	8,39	3,87	6,08
16,04	18,43	17,25	18,89	12,67	14,98
12,08	15,55	12,19	15,39	11,12	20,68
11,01	14,41	11,13	14,26	10,03	19,17
11,62	18,04	11,76	18,03	10,44	18,14
12,49	17,23	12,58	17,25	11,26	14,88
15,24	19,07	15,66	18,26	12,59	38,27
1,76	2,62	1,75	2,62	1,80	2,61
16,46	22,05	16,69	22,22	14,16	17,35
3,98	6,39	4,10	6,48	3,32	5,20
11,01	16,56	11,11	16,61	9,71	13,94
12,21	13,13	12,22	13,17	12,14	11,96
8,64	15,27	8,96	15,71	7,41	12,46
14,21	14,42	14,29	14,43	13,32	14,05
14,47	17,41	14,95	17,45	11,64	13,85
10,70	11,90	10,69	11,84	10,83	14,15

Tafla 2. Heildartímakaup og yfirvinnutímakaup eftir atvinnugrein og kyni (frh.)
 Table 2. Mean hourly earnings and mean hourly overtime pay by economic activity and sex (cont.)

Evrur á meðalgengi ársins 2002 <i>Euro: Average exchange rate for the year 2002</i>	Evrur <i>Euro</i>					
	Alls <i>Total</i>		Karlar <i>Men</i>		Konur <i>Women</i>	
	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>
Ítalía <i>Italy</i>	9,45	11,92	9,53	11,98	8,81	10,34
Kýpur <i>Cyprus</i>	9,15	14,11	9,24	14,09	8,43	15,02
Lettland <i>Latvia</i>	1,40	2,57	1,42	2,83	1,29	1,66
Litháen <i>Lithuania</i>	1,64	2,65	1,65	2,71	1,55	1,66
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	13,13	14,83	13,15	14,82	12,95	16,80
Noregur <i>Norway</i>	21,20	32,47	21,39	32,54	19,07	29,81
Portúgal <i>Portugal</i>	4,45	6,10	4,42	6,12	4,70	5,52
Pólland <i>Poland</i>	2,75	3,13	2,73	3,12	2,95	3,37
Rúmenía <i>Romania</i>	0,86	0,91	0,85	0,91	0,94	0,88
Slóvakía <i>Slovakia</i>	1,73	2,67	1,77	2,67	1,48	2,46
Slóvenía <i>Slovenia</i>	4,33	6,09	4,24	6,09	5,03	6,36
Spánn <i>Spain</i>	7,15	10,29	7,19	10,26	6,57	12,28
Svíþjóð <i>Sweden</i>	14,65	22,64	14,73	22,59	13,49	26,14
Tékkland <i>Czech Republic</i>	2,57	3,28	2,59	3,25	2,40	4,21
Ungverjaland <i>Hungary</i>	1,96	4,43	1,94	4,45	2,12	3,87
Þýskaland <i>Germany</i>	13,41	15,34	13,64	15,34	11,91	14,94
Verslun og viðgerðarþjónusta						
Wholesale and retail trade; repair						
ESB15 <i>EU15 Europ. Union</i>	12,23	14,30	13,90	16,05	10,37	12,16
ESB25 <i>EU25 Europ. Union</i>	11,04	13,51	12,62	15,24	9,31	11,42
Austurríki <i>Austria</i>	10,26	15,86	12,17	19,03	8,71	12,06
Belgía <i>Belgium</i>	12,43	15,14	13,70	15,71	11,02	13,32
Bretland <i>United Kingdom</i>	13,61	16,20	16,42	18,95	10,86	13,09
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	0,56	0,65	0,59	0,67	0,53	0,65
Danmörk <i>Denmark</i>	16,52	23,55	18,01	25,30	14,60	19,84
Eistland <i>Estonia</i>	1,95	2,89	2,40	3,43	1,60	2,48
Finnland <i>Finland</i>	12,72	18,29	14,59	19,11	11,06	16,02
Frakkland <i>France</i>	12,48	10,84	13,60	11,68	11,16	10,16
Grikkland <i>Greece</i>	5,91	8,66	6,60	9,60	5,13	7,16
Holland <i>Netherlands</i>	11,96	13,07	13,40	15,19	10,25	10,19
Írland <i>Ireland</i>	12,33	16,76	15,04	16,57	10,58	16,95
Ísland <i>Iceland</i>	13,48	15,55	15,66	17,82	10,98	13,33
Ítalía <i>Italy</i>	9,59	11,03	10,26	11,40	8,76	10,60
Kýpur <i>Cyprus</i>	6,80	8,70	8,25	11,74	4,91	5,40
Lettland <i>Latvia</i>	1,13	2,20	1,31	3,39	1,00	1,83
Litháen <i>Lithuania</i>	1,62	2,07	1,82	2,46	1,41	1,47
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	12,91	14,92	14,54	15,70	10,97	12,84
Noregur <i>Norway</i>	19,60	27,47	21,66	28,06	16,98	26,44
Portúgal <i>Portugal</i>	5,07	7,03	5,62	8,02	4,39	6,36
Pólland <i>Poland</i>	2,75	2,94	3,13	3,14	2,34	2,72
Rúmenía <i>Romania</i>	0,88	0,92	1,01	0,89	0,74	0,97
Slóvakía <i>Slovakia</i>	2,42	1,97	2,82	2,52	2,01	1,38
Slóvenía <i>Slovenia</i>	4,79	6,52	5,18	7,48	4,45	5,92
Spánn <i>Spain</i>	7,87	10,84	8,87	12,25	6,57	8,62
Svíþjóð <i>Sweden</i>	14,39	22,62	15,80	21,06	12,80	24,84
Tékkland <i>Czech Republic</i>	2,46	3,05	2,95	3,41	2,02	2,70
Ungverjaland <i>Hungary</i>	2,12	3,56	2,21	3,90	2,03	3,33
Þýskaland <i>Germany</i>	13,49	15,87	15,36	16,16	11,41	15,01

Heimild Source: Eurostat, 2005.

Jafnvirðisgildi <i>Purchasing Power Parities</i>					
Alls <i>Total</i>		Karlar <i>Men</i>		Konur <i>Women</i>	
Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>	Heildar- tímakaup <i>Mean hourly earnings</i>	Yfirvinnu- tímakaup <i>Mean monthly overtime pay</i>
10,06	12,69	10,14	12,75	9,38	11,01
9,99	15,40	10,08	15,38	9,20	16,39
2,77	5,09	2,82	5,61	2,55	3,29
3,33	5,38	3,35	5,51	3,14	3,38
12,83	14,50	12,85	14,48	12,65	16,42
14,51	22,23	14,64	22,28	13,06	20,14
5,81	7,97	5,78	8,00	6,14	7,21
4,66	5,29	4,61	5,28	4,98	5,70
2,09	2,21	2,06	2,22	2,28	2,13
3,97	6,14	4,07	6,15	3,40	5,66
6,30	8,87	6,18	8,86	7,32	9,26
8,39	12,07	8,44	12,04	7,71	14,41
11,70	18,09	11,77	18,05	10,78	20,89
4,97	6,34	5,02	6,29	4,65	8,15
3,66	8,27	3,62	8,30	3,96	7,22
12,96	14,82	13,18	14,83	11,51	14,44
11,61	13,36	13,21	14,95	9,83	11,42
10,74	12,82	12,28	14,40	9,06	10,92
10,28	15,90	12,20	19,07	8,73	12,09
12,42	15,12	13,69	15,69	11,00	13,30
11,85	14,11	14,30	16,50	9,46	11,40
1,38	1,61	1,45	1,64	1,30	1,60
12,83	18,29	13,98	19,64	11,33	15,41
3,72	5,52	4,58	6,54	3,05	4,73
10,72	15,42	12,30	16,11	9,32	13,50
12,44	10,80	13,55	11,64	11,13	10,12
7,09	10,38	7,91	11,50	6,15	8,57
11,72	12,82	13,14	14,89	10,05	9,99
10,46	14,22	12,75	14,05	8,97	14,37
10,30	11,87	11,96	13,61	8,39	10,18
10,21	11,74	10,92	12,14	9,33	11,28
7,42	9,50	9,00	12,81	5,35	5,89
2,24	4,36	2,60	6,73	1,99	3,63
3,29	4,20	3,69	4,99	2,86	2,99
12,61	14,58	14,21	15,34	10,72	12,55
13,42	18,81	14,83	19,21	11,63	18,10
6,63	9,18	7,34	10,47	5,74	8,31
4,65	4,98	5,29	5,31	3,96	4,60
2,14	2,24	2,46	2,16	1,79	2,35
5,57	4,52	6,48	5,79	4,63	3,17
6,98	9,49	7,55	10,89	6,48	8,62
9,24	12,71	10,41	14,38	7,70	10,12
11,50	18,08	12,63	16,83	10,32	19,85
4,76	5,90	5,70	6,59	3,91	5,22
3,96	6,65	4,13	7,28	3,79	6,21
13,04	15,33	14,84	15,62	11,02	14,50

Tafla 3. Samsetning greiddra vinnustunda á mánuði eftir atvinnugrein og kyni
 Table 3. Structure of mean monthly hours paid, by economic activity and sex

	Alls <i>Total</i>			Karlarnir <i>Men</i>			Konur <i>Women</i>		
	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>
Iðnaður <i>Manufacturing</i>									
ESB15 <i>EU15 Europ. Union</i>	171	166	5	172	166	6	169	167	2
ESB25 <i>EU25 Europ. Union</i>	173	168	5	174	169	5	171	169	2
Austurríki <i>Austria</i>	179	172	7	180	172	8	177	174	3
Belgía <i>Belgium</i>	179	179	0	178	178	0	181	181	0
Bretland <i>United Kingdom</i>	176	166	10	179	167	12	168	163	5
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	184	183	1	184	183	1	184	183	1
Danmörk <i>Denmark</i>	166	162	4	168	163	5	163	161	2
Eistland <i>Estonia</i>	186	184	2	187	185	2	186	184	2
Finnland <i>Finland</i>	168	165	3	169	166	3	167	166	1
Frakkland <i>France</i>	152	151	1	152	150	2	151	150	1
Grikkland <i>Greece</i>	176	172	4	177	172	5	173	171	2
Holland <i>Netherlands</i>	165	163	2	166	163	3	164	163	1
Írland <i>Ireland</i>	161	153	8	164	154	10	155	150	5
Ísland <i>Iceland</i>	189	162	27	195	163	32	179	159	20
Ítalía <i>Italy</i>	184	178	6	185	178	7	182	179	3
Kýpur <i>Cyprus</i>	175	167	8	175	166	9	173	166	7
Lettland <i>Latvia</i>	186	185	1	186	185	1	185	184	1
Litháen <i>Lithuania</i>	183	182	1	184	183	1	183	183	0
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	179	174	5	180	174	6	175	173	2
Noregur <i>Norway</i>	167	161	6	168	161	7	164	161	3
Portúgal <i>Portugal</i>	170	169	1	171	170	1	169	168	1
Pólland <i>Poland</i>	188	185	3	188	185	3	187	185	2
Rúmenía <i>Romania</i>	189	183	6	189	182	7	188	182	6
Slóvakía <i>Slovakia</i>	173	168	5	173	168	5	174	169	5
Slóvenía <i>Slovenia</i>	178	174	4	181	177	4	174	171	3
Spánn <i>Spain</i>	184	183	1	184	182	2	183	182	1
Svíþjóð <i>Sweden</i>	173	170	3	174	171	3	173	172	1
Tékkland <i>Czech Republic</i>	170	165	5	171	165	6	168	165	3
Ungverjaland <i>Hungary</i>	187	184	3	187	184	3	186	183	3
Þýskaland <i>Germany</i>	168	163	5	168	162	6	168	166	2
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>									
ESB15 <i>EU15 Europ. Union</i>	176	171	5	176	171	5	170	169	1
ESB25 <i>EU25 Europ. Union</i>	177	172	5	177	172	5	172	171	1
Austurríki <i>Austria</i>	184	176	8	185	177	8	175	173	2
Belgía <i>Belgium</i>	183	183	0	183	183	0	185	185	0
Bretland <i>United Kingdom</i>	187	174	13	190	175	15	163	161	2
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	184	183	1	184	183	1	184	184	0
Danmörk <i>Denmark</i>	165	162	3	165	162	3	162	161	1
Eistland <i>Estonia</i>	185	184	1	185	184	1	184	184	0
Finnland <i>Finland</i>	169	166	3	169	166	3	165	165	0
Frakkland <i>France</i>	155	152	3	155	152	3	156	155	1
Grikkland <i>Greece</i>	177	171	6	178	171	7	173	170	3
Holland <i>Netherlands</i>	164	162	2	164	162	2	167	167	0

Tafla 3. Samsetning greiddra vinnustunda á mánuði eftir atvinnugrein og kyni (frh.)
 Table 3. Structure of mean monthly hours paid, by economic activity and sex (cont.)

	Alls <i>Total</i>			Karlur <i>Men</i>			Konur <i>Women</i>		
	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>overtime</i> <i>hours paid</i>	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>overtime</i> <i>hours paid</i>	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>overtime</i> <i>hours paid</i>
Írland <i>Ireland</i>	167	156	11	169	156	13	156	156	0
Ísland <i>Iceland</i>	211	167	44	213	168	45	178	160	18
Ítalía <i>Italy</i>	184	180	4	184	179	5	181	180	1
Kýpur <i>Cyprus</i>	173	165	8	173	165	8	167	165	2
Lettland <i>Latvia</i>	185	185	0	185	185	0	184	184	0
Litháen <i>Lithuania</i>	184	184	0	184	184	0	184	184	0
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	184	176	8	185	177	8	174	174	0
Noregur <i>Norway</i>	166	162	4	167	163	4	164	163	1
Portúgal <i>Portugal</i>	171	169	2	171	169	2	166	165	1
Pólland <i>Poland</i>	189	186	3	189	186	3	186	186	0
Rúmenía <i>Romania</i>	197	185	12	198	185	13	190	184	6
Slóvakía <i>Slovakia</i>	179	175	4	179	175	4	179	178	1
Slóvenía <i>Slovenia</i>	182	177	5	183	178	5	178	177	1
Spánn <i>Spain</i>	184	183	1	184	183	1	183	183	0
Svíþjóð <i>Sweden</i>	176	174	2	176	174	2	173	173	0
Tékkland <i>Czech Republic</i>	178	173	5	179	173	6	173	172	1
Ungverjaland <i>Hungary</i>	186	184	2	186	184	2	184	184	0
Þýskaland <i>Germany</i>	175	171	4	175	170	5	175	175	0
Verslun og viðgerðarþjónusta									
<i>Wholesale and retail trade; repair</i>									
ESB15 <i>EU15 Europ. Union</i>	172	169	3	173	169	4	171	169	2
ESB25 <i>EU25 Europ. Union</i>	174	171	3	174	170	4	172	170	2
Austurríki <i>Austria</i>	175	170	5	177	170	7	174	171	3
Belgía <i>Belgium</i>	178	178	0	175	175	0	181	181	0
Bretland <i>United Kingdom</i>	178	172	6	182	175	7	175	171	4
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	184	184	0	184	184	0	184	184	0
Danmörk <i>Denmark</i>	163	162	1	163	162	1	162	161	1
Eistland <i>Estonia</i>	184	184	0	185	185	0	184	184	0
Finnland <i>Finland</i>	164	163	1	165	163	2	163	163	0
Frakkland <i>France</i>	154	152	2	155	153	2	153	151	2
Grikkland <i>Greece</i>	172	170	2	173	171	2	171	170	1
Holland <i>Netherlands</i>	168	166	2	168	166	2	167	166	1
Írland <i>Ireland</i>	154	150	4	158	153	5	151	149	2
Ísland <i>Iceland</i>	178	161	17	180	164	16	175	158	17
Ítalía <i>Italy</i>	180	174	6	182	176	6	179	174	5
Kýpur <i>Cyprus</i>	174	171	3	175	171	4	172	170	2
Lettland <i>Latvia</i>	184	184	0	184	184	0	184	184	0
Litháen <i>Lithuania</i>	184	184	0	184	184	0	183	183	0
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	176	174	2	178	175	3	174	173	1
Noregur <i>Norway</i>	164	162	2	165	162	3	163	162	1
Portúgal <i>Portugal</i>	171	170	1	171	170	1	171	170	1
Pólland <i>Poland</i>	187	186	1	187	185	2	187	186	1
Rúmenía <i>Romania</i>	186	184	2	186	184	2	185	183	2
Slóvakía <i>Slovakia</i>	179	178	1	179	178	1	179	178	1

Tafla 3. Samsetning greiddra vinnustunda á mánuði eftir atvinnugrein og kyni (frh.)
 Table 3. Structure of mean monthly hours paid, by economic activity and sex (cont.)

	Alls <i>Total</i>			Karlarnir <i>Men</i>			Konur <i>Women</i>		
	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>Normal</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>overtime</i> <i>hours paid</i>	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>Normal</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>overtime</i> <i>hours paid</i>	Heildar- vinnutími <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>hours paid</i>	Dagvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>Normal</i> <i>hours paid</i>	Yfirvinnu- stundir <i>Mean</i> <i>monthly</i> <i>overtime</i> <i>hours paid</i>
Slóvenía <i>Slovenia</i>	179	177	2	181	179	2	178	176	2
Spánn <i>Spain</i>	183	183	0	183	183	0	183	183	0
Svíþjóð <i>Sweden</i>	173	172	1	174	173	1	173	172	1
Tékkland <i>Czech Republic</i>	174	172	2	175	172	3	173	171	2
Ungverjaland <i>Hungary</i>	185	184	1	185	184	1	185	184	1
Býskaland <i>Germany</i>	172	169	3	172	168	4	173	172	1

Heimild *Source*: Eurostat, 2005.

Hagtidindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
 Statistical Series **Wages, income and labour market**

90. árgangur nr. 59

ISSN 0019-1078

2005:1

ISSN 1670-4495 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4509 (pdf)

Verð *Price* ISK 800 EUR 9

Umsjón *Supervision* Ásmundur Ingvi Ólason • asmundur.olason@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series